

**SAMNINGUR SAMGÖNGURÁÐUNEYTISINS OG VEGAGERÐARINNAR**

**28. JÚNÍ 2005**

**ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGUR**

**SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ**

**VEGAGERÐIN**

# SAMNINGUR SAMGÖNGURÁÐUNEYTISINS OG VEGAGERÐARINNAR UM ÁRANGURSSTJÓRNUN

## I. TILGANGUR

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar við útfærslu á lögbundnu hlutverki Vegagerðarinnar. Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytisins og stofnunarinnar, auk þess að skerpa áherslur um stefnumótun og áætlanagerð og leggja grunn að mati á árangri af starfsemi hennar.

Samningur þessi breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri stofnunarinnar eða þeim stjórnábyrgðum sem ráðherra og Vegagerðin hafa lögum samkvæmt. Þá ber stjórnvaldsábyrgð ráðherra með sér að hann getur fellt samninginn úr gildi ef ekki er staðið við ákvæði hans.

## II. HLUTVERK

Vegagerðin starfar samkvæmt lögum nr. 45/1994. Það er hlutverk Vegagerðarinnar að þróa og sjá um vegakerfið á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins, öryggi vegfarenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Vegagerðin hefur skilgreint meginmarkmið sín sem eftirfarandi:

- Greiðar samgöngur með góðri þjónustu.
- Hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins.
- Umferðaröryggi sé á við það sem best gerist.
- Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa.
- Vel skipulögð og skilvirk starfsemi.
- Ánægt, hæft og gott starfsfólk.

## III. MARKMIÐ OG ÁHERSLUR

Í verkefnaáætlun samgönguráðuneytisins 2003–2007 koma fram áherslur ráðuneytisins á tímabilinu sem árangursstjórnunarsamningnum er ætlað að endurspegla. Þar er aðaláherslan á samgönguáætlanir sem Vegagerðin starfar eftir, fyrir árin 2005–2008 og 2003–2014.

Markmið Vegagerðarinnar og ráðuneytisins er að vera í fremstu röð með greiðar, hagkvæmar og öruggar samgöngur. Eftirfarandi markmið hafa verið skilgreind:

## 1. Að greiða fyrir umferð um vegi landsins

- 1.1. Að viðhald vega og annarra samgöngumannvirkja miði að því að varðveita verðmæti sem í þeim liggja.
- 1.2. Að ójöfnur í slitlagi séu í samræmi við mælikvarða IRI.
- 1.3. Að hækka hlutfall stofn- og tengivega með bundnu slitlagi og fullnægjandi burðarþoli um 2% á ári (11,5 tonn á öxul).
- 1.4. Að falllóðsmæla alla nýja vegi árið eftir að þeir eru byggðir og síðan á 6 ára fresti.
- 1.5. Að burðarþol brúa þoli þann umferðarhraða og -þunga sem fer eftir vegunum.

## 2. Að auka öryggi vegfarenda

- 2.1. Að fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði sambærilegur við það sem lægst gerist í heiminum árið 2016, mælt sem meðaltal 5 ára.
- 2.2. Að fjöldi látinna og alvarlegra slasaðra lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2016.
  - Að fækka slysum við einbreiðar brýr að jafnaði um 10% á ári, mælt sem meðaltal 5 ára.
    - Að fækka einbreiðum brúm um að jafnaði 20 á ári.
  - Að fækka búfjárslusum að jafnaði um 10% á ári, mælt sem meðaltal 5 ára.
    - Að viðhald girðinga, með þeim vegaköflum á þjóðvegum þar sem sumarumferð (SDU) er 300 bílar á dag eða meira, sé þannig að búfé gangi ekki um vegina.
  - Að lagfæra þekkta slysaðði (svartbletti) samkvæmt áætlun þar um.

## 3. Að veita góða þjónustu og eiga góða sambúð við umhverfi og íbúa

- 3.1. Að 75% vegfarenda, landflutningsaðila og verktaka séu jákvæðir gagnvart Vegagerðinni.
- 3.2. Að fjölga þeim sem eru ánægðir með snjómokstur, hálkuvarnir, vinnustaðamerkingar, merkingar vega o.fl. um að jafnaði 5%, þar til 75% vegafarenda telja slíkt fullnægjandi.
- 3.3. Að ganga frá að meðaltali 60 efnisnánum árlega, frá árinu 2007.

## IV. ÁBYRGÐ OG SKYLDUR

### Ábyrgð og skyldur Vegagerðarinnar:

- Í samræmi við áherslur og markmiðssetningu um árangursstjórnun skal Vegagerðin leggja fram langtímaáætlun til 4 ára, fyrir 1. júlí 2006, þar sem kemur fram hvernig stofnunin hyggst vinna að þeim markmiðum sem samgönguáætlun 2005-2008 og samgönguáætlun 2003-2014 fjallar um. Áætlun þessi skal endurskoðuð einu sinni á ári t.d. í tengslum við uppgjör í ársskýrslu.
- Leggja fram áætlun til eins árs í senn, fyrir 15. desember hvers árs, þar sem gerð er grein fyrir helstu fjárhagsstærðum, starfsmarkmiðum ársins og þeim árangursmarkmiðum sem stefnt er að á árinu.
- Leggja fram ársskýrslu, fyrir 1. júní hvers árs, þar sem komi fram samanburður á markmiðum sem stefnt var að í upphafi árs og þeim árangri sem náðist.

- Vegagerðin skuldbindur sig til að haga rekstri sínum þannig að útgjöld séu innan fjárheimilda og fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.
- Vegagerðin stuðlar að því að störf innan stofnunarinnar henti jafnt konum sem körlum og vinnur að jafnri stöðu kynjanna.
- Samgönguráðuneytið mælist til þess að Vegagerðin leiti leiða til að flytja verkefni út á landsbyggðina, þar sem því verður við komið.
- Ráðuneytið vill undirstrika markmið samgönguáætlunar 2003-2014 þar sem stefnt er að meiri samvinnu á milli stofnana. En slík samvinna er m.a. til þess fallin að nýta betur fjármuni sem markaðir eru samgöngumálum.

### Ábyrgð og skyldur samgönguráðuneytisins:

- Samgönguráðuneytinu ber að taka afstöðu til þeirrar markmiðssetningar, forgangsröðunar og mælikvarða sem fram koma í langtímaáætlun stofnunarinnar, innan eins mánaðar frá því að áætlunin er lögð fram.
- Taka afstöðu til mælikvarða sem fram koma í ársáætlun stofnunarinnar innan eins mánuðar frá því ársáætlun er lögð fram.
- Skýra frá afstöðu sinni til árangursmats sem fram kemur í ársskýrslu innan eins mánaðar frá því ársskýrslan er lögð fram.
- Samgönguráðuneytið mun hlutast til um að fjárveitingar til starfseminnar séu nægilegar til að stofnunin geti sinnt skyldum sínum, og taki afstöðu til forgangsröðunar stofnunarinnar á verkefnum fáist ekki nægar fjárveitingar.

## V. GILDISTÍMI

Samningurinn tekur gildi 28. júní 2005. Gildistíminn er fjögur ár. Samninginn skal endurskoða ef annar hvor samningsaðila óskar þess. Vinna við endurskoðun skal hafin a.m.k. þremur mánuðum áður en samningstímanum lýkur.

Reykjavík, 28.júní 2005

(sign)

---

Sturla Böðvarsson  
samgönguráðherra

(sign)

---

Jón Rögnvaldsson  
vegamálastjóri